

Ed. **306. Frumvarp til laga** [160. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum.

(Lagt fyrir Alþingi á 92. löggjafarþingi, 1971—1972.)

**1. gr.**

Ríkisstjórninni er heimilt, gegn þeim tryggingum, sem hún metur gildar, að veita sjálfskuldarábyrgð á lánum til kaupa á skuttogurum. Ábyrgð má veita fyrir allt að 80% af kaupverði skuttogara.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagt er til, að ríkisstjórninni verði heimilað að veita sjálfskuldarábyrgð vegna skuttogarakaupa. Hér er einkum um að ræða lán, sem veitt eru af erlendum aðilum á kaupverði skuttogara fyrir milligöngu seljenda.

Hér er um að ræða heimild, sem tekin var upp í fjárlög ársins 1972. Sú heimild gefur einungis færi á veitingu einfaldrar ábyrgðar skv. gildandi lögum um ríkisábyrgðir. Nauðsynlegt er hins vegar, að ábyrgðir þessar verði sjálfskuldarábyrgðir ríkissjóðs gagnvart hinum erlendu lánveitendum.